

Forfatter: Magnússon, Arní

Titel: BREV TIL: Þorleifsson, Björn FRA: Magnússon, Arní (1698-05-14)

Citation: Magnússon, Arní : "BREV TIL: Þorleifsson, Björn FRA: Magnússon, Arní (1698-05-14)", i *Arne Magnussons private brevveksling*, Gyldendalske Boghandel Nordisk, s. 558.  
Onlineudgave fra Danmarks Breve: <https://tekster.kb.dk/text/letters-001991699-000-shoot-L0019916990000645.pdf> (tilgået 27. juli 2024)

Anvendt udgave: Arne Magnussons private brevveksling

Ophavsret: Materialet er fri af ophavsret. Du kan kopiere, ændre, distribuere eller fremføre værket, også til kommercielle formål, uden at bede om tilladelse. Husk dog altid at kreditere ophavsmanden.

[Læs Public Domain-erklæringen](#)

ARNE MAGNUSSON TIL BISKOP BJÖRN ÞORLEIFSSON. Kaupenh. d. 14. Maii 1698.

Trykt efter egh. orig. i AM. 451, folio. Meddeler Jón Þorkelssons udnævneelse til biskop i Skalholt og tilråder de to biskopper indbyrdes god forståelse. Nævner sit spændte forhold til amtmand Müller og tilråder, til brug for fremtidige duplikker, underskrevne blanketter, som da kan udfyldes og expederes af A. M. Om vagabonden Eiríkur Sigurðsson. Anmoder om diplom-afskrifter og membranfragmenter samt om bispe-biografier og anbefaler nogle trængende til understøttelse. På et særskilt blad følger nedenfor aftrykte, 16. 5. daterede, meddelelse om, at for større trygheds skyld har A. M. udvirket gehejmeråd Moths ordre til nedsendelse af Hóla domkirkes breve. Adr. »... Mag. Birne Thorleifssyne Superintendenti Hóla stiftes ... ad Holum i Hialltadal«.

Vel Edla Vel Eruverduge Hr. Biscop Mikilsvirdande Elskubroder.

Tvö mins brodurs tilskrif hefi eg ifirra medtekid það eina fra Kieflavik 14 Julii, það annad Odda 21. Augusti, oska minum brodur til ævarandi lucku i hans virkelige Function. Hvad um Skalhollts biskupsdæmi ordid er mun Monfrere allareidu heyrt hafa. Hr. Jon Þorkelsson (brevi Magister) er þar biskup ordenn, Eg hefi låted mier tiltalad verda, best mundi ad þeir fornemstu geistlegu á landenu saman hielldi, því ei hafed þid gott folk þar fleire upprigtuga vini, af þeim er hier á milli fara enn þid þurfed. Hann hefur mier þar uppa svarad ad sier sialfum væri það i hug, Eg helld hann firer hreinlindann mann vid sina kunningia. s. 559Um Kongsbref Sr. Þordar stod hart, Amtmadur andæfti allt það hann kunni, þó tokst það so vitt Vallna stad angeingur, enn um Skolameistardæmid vard til baka, það kunni og, satt ad seigia, ecki vel ad skicka sier, þott þess sieu dæmi, hefdi og kannskie malum exemplum af sier giefed med tidenne. Eg hefi stærsta ámæli mætt af Amtmanne hier firir iafnvel þo eckert þar um bekymmre, Grunar mig og ad Amtmadur og Lögmadurenn Gottrup muni hier firir hatri sanku til Monfrere ef vita ad hann þessu ollad hefur. Eins gillder mig þó Monfrere slæe skulldinni uppa mig, eg á þo eigi ur vondu ad spillast, iafnvel þo Amtmadur og eg eigum nu ad heita málviner, Samt varer það ei leinge, því þegar hann giörir aptur oriett þá giet eg eigi þagad. Ei hefi eg fornuned ad Eckian Supplicerad hafi um ad blifa á Stolnum, það er og orímelegt; skule það, á mot forhaabning so leynilega expederad vera ad einginn madur hier það vite, þá kann Monfrere mier ad senda hvad hann þar á mót vill Supplicerad hafa sem og ef Amtmadur nockrar óordur i einu eda ödru stadarins uttekt eda inventarium ahrærandi, giörer, og skal eg þá Supplicatiuna hier uppsetia láta, enn med því mins brod- urs hönd hier allareidu þeckest og ennu audþektari verdur hier epter, þá hlitur Monfrere mier ad senda hans nafn in blanco, uppa þann máta sem þesse tvö örk papir innriettud eru, ad eg það arked hier til bruka kunni er med Supplicatiunnar vitlöftighed sig best passar, og so kann Monfrere hvert ár hier epter ad giöra þá hann vill eg nokud sinna vegna utrietti, Skadar og ei þó fleiri sieu örkinn enn tvö ef vid eitt fatlast kann. Eiríkur Sigurðsson hefur nu feinged skamm firir alla hans goda daga. hann flackar hier um kring, og vill eingenn hann inni landed flytia, grunar mig hann med tid fá muni raudan kiol, eda kannskie bláan. Documentenn um hans aflausn geimi eg þar til kannske á þarf ad hallda. Ei þarf Amtmadur stórum ad hrósa af ockrum vidskiptum, Ecki minnist eg ad hann mier hafi kunnad i veige ad vera, hvad á mina sídu þar uti passerad er, hirde eg eigi mikid af ad glosa, þar kann og einginn luckulegur ad kallast fyrr enn hann kiemur i sina gröf.

Nu vík eg til antiqviteta: Eg vænti i sumar fra Monfrere þess registurs uppa þær bækur er Monsr. Þorsteinn Þorleifsson Hannesi Sal: meddeilldi, og hveriar þar af voru á pappir eda pergament. Eg þacka aludlega firir þá underteckt um ad lata afskrifa þaug gömul bref er elldri eru enn 1560. sem i visitatium kunna fyrer ad verda, so vel sem ad giefu mier notitie um pergaments bækur vondar og godar, eda þeirra slitur, hvar þær eru og s. 560hvernin beskaffadar, ef occurrera kunna, Sieu nockrar vid kirkiurnar, þá kann Monfrere þær meo periculo sicker til sin ad taka, alleinasta lofa kirkiunum ad þær aptur skilast skulu. En Fin, allt hvad elldra er enn 1560 hveriu nafni sem það heiter er eg so smá þægur um ad eg helld það firir thesaurum, hversu lited sem i það er spunnid hvad um sig. Alleinasta bid ad Monfrere á sierhveriu því er hann uppskrifa lætur annotere hvad þar er ex originali og hvad af origtugum eda rigtugum Copium. Einkannlega ad árstölin og manna og stada nöfnin accurat verde. Lögboc Biarna Gislasonar fylger hier med tilbaka, med þacklæti firir láned, ei vil eg firir hana giefu 2 & auk helldr 5 Rxdle. Um Copiur af Kirkiubæiarbrefum sem Þordr Þorleifsson Monfrere lofad hefur, mun Monfrere hann i sumar erindra og mier senda ef feingnar eru þá skipen burt gánga. Gerhardi Postillu er hverki hier nie i þiskalandi ad fá. Dubia Vexata Pfeifferi hafdi Þordur Jonsson hier i allan vetur, og villdi selia, ætladi eg þaug ad kaupa til Monfrere. Þegar nu gillda átti a moti hans burtferd, hafdi hann feinged þaug Hr. Joni Þorkelssyni, sem þaug skylldi hafa til Sr. Pals Bíörnssonar, var þá allt i otima þaug ad forskrifa fra þiskalandi, enn hier eru þaug ei ad fá. Nu giörer mier það illt ad þessar erendagiörder so olidlega fóru. Lofa annad ár mig betur i agt ad taka. Fra Skalhollti fæ eg i ár ein heil hop gömul pergaments bref med ödru þvilikum dröslum til láns. Eg hefi og fra nockrum biskupsstolum i Noregi gömul bref feinged, hvar inne eg eitt og annad remarquable finn, enn þá um Island. Nu bid eg Monfrere so vel giöra og i sama máta mier senda öll þaug gömul bref smá og stör, heil og rotinn, sem vid Holabiskupsdóm liggia elldri enn 1580, skulu þaug öll ad ári ospiöllud aptur koma; þar liggia og nockur registra sum af þeim á pergament, þaug þæge eg og med, skulu þaug i sama máta aptur skilast þá brukud eru. Monfrere mun kannskie þikia þesse bön vitlöfttig, enn engan skada kann kirkiann hier af ad hafa kann eg og liett ef villdi Konglega befalning þar um ad fá, Enn eg ætla þess þurfi ei, og því læt eg það blífa. Brefinn bid eg minn brodur studiosissimè ad saman lesa, so ad ecki eitt af þeim epter verdi, enn ef hitt mier ei allt i ár sendist, þá bid eg minn brodur mier fullkomid registur ad giefu uppa öll þaug document er epter verda, hvört það eru registra, brefabækur gamlar, pergaments bækur Necrologia edur annad þvilíkt, ad eg sidan epter hendinni begiera

kynni þad mier þarfnast Enn hellst villdi eg þad allt i einu fá og þad i sumar, ad eg þad allt i einu yfer sià kynni, og hvert med ödru conferera. Eg forlæt mig hier s. 561uti til mins brodurs affection, ad ei þurfi sidan peningum ad spilla uppa Kongl. Befaling, eda og ödrum storum mönnum molest giöra i slíku; Eirninn bid eg minn brodur med tid ad colligera og mier communicera allt þad sem heyra kann til vitam herra Olafs Hialltasonar, hvert helldur þad hafast kann af relationibus gamallra manna edur ödrum documentum, I sama máta allt hvad þiena kann til vitam Sal. Hr. Gudbrands. Eg forlæt mig uppa míns bróðurs assistance bædi hier uti og i hinu fyrra, enn er i öllu því kann mínuin bróður til þienustu þar á móte. Madur heiter Halldór Þorbergsson, byr i Skagafirdi, gamall Lögregtumadur, og fróður i gömlum documentum, hann er Kaupmanni i Hofsóss Monsr. Petri Fielderup skyllidugur hundrad fiska, Ockar hafa á milli bref fared nockur ár, og þad hann mig i fyrra þessa skulld sinna vegna vid Kaupmannenn ad clarera. Nu villdi eg þetta vel giöra (þvi eg estimera þann gamla mann) ef eg visse ad hann lifdi, annars eru mier þaug utlát oskijl. Nu bid eg Monfrere þessa hundrad fiska vid kaupmannenn minna vegna ad clarera so framt sem Halldor lifer (NB. þessa condition bid eg Þó, ad eingenn vita fáe hverki Halldor hans erfingiar nie kaupmadur. Þá vardar og ei þar um lilf. i nedre margen); annars er eg hans erfingium okunnugur ef hans er vid mist. og má þad þá so vera til víðara. hann beklagar sig i sinu brefi til min ad i örbyrgd komin sie, hvad mier ont giörer, höfðingiastycke væri firir einn sem gud hefur giefid so god audæfi sem minum brodur, ad liá honum einhveria iörd sem hann af biargast kynni, i þesse tvö eda þriu ár sem hann mun eiga epter olifad; Kinni min intercession nockru ad orka, villdi eg mína bón med hönum tilleggia, Ef hier uti eitt hvad skie kann beidde eg hann þad vita feinge adur Hofsóss skip afsigler. Skuli Ólafsson a Seilu á eda hefr att dóttur nefnds Halldórs, hann, og so Halldór til forna hafa bedid mig intercedera hia Holabiskupe ad tveir syner Skula mættu þar ná ölmususkóla. Eg skrifadi þar um Sal: Hr. Einari i firra enn þá var hann daudur. Kunni þetta firir utan annarra præjudicium ad skie, þá vil eg giarnann leggja min ord þar til. Eg kann trua nockrer munu þar á ölmusu vera, og kann þá luckann, ef minn broder so vill, þessa eda annan þeirra ad ramma. Fyrer þessar tvennar recommendationer bid eg minn Elsk: brodur mier ei ad reidast, Eg bruka þaug sömu friheit vid hann afverandi sem þá saman vorum, og krefst og beidist þess sama af hönum, ef nockud þad vera kann er med þiena kunni, peningana ef hann Halldors vegna utleggur til Hofsóss kaupmans, skal eg hier betala til hvers er minn broder þá beordrar; Nu er eckert s. 562epter nema ad qvedia min brodur med allskyns heilla og velgeingnes óskum, oc bidia hann mína þienustusamlega qvediu sending tilkynna hans göfugri kiærustu med oskum bestu i Jesu nafni. Eg forblif so leinge eg life

Mins Veledla oc Veleruverduga brodurs þienustuskyllidugasti

þienare  
Arne Magnusson

P. S. Monsr. Þorsteinn Þorleifsson skal hafa skrifad um orminn i Lagarfliote, þad scriptum mætti eg giarnan siá.

Monfrere.

Epterad eg mitt bref til mins brodurs skrifad hefe, hefi eg mig bepeinkt, og hier innlagda befaling fra Hans Excellence Hr. Geheime-Raad Moth utverkad, i fald at Monfrere ei forsvaranlegur þættest med ad senda documenten firir utan ordu, eda og ef Monfreres kinni vid ad missa (sem gud láte ei so hastugt verda) ad þeir epterlifendu þá eitthvad hefdu framm ad vísa, ef hier epter spurt yrde. Nu recommendera eg mínum mikilsvirdande brodur þetta efne, mikillega umbidiande Hann sialfur vilie auga tilrenna, ad eckert af slikum gömlum monumentum epter verde. Kinne sögd document med sunnanskipum ad sendast, væri hættan þess minni, Annars mun best vera þaug med firstu nordanskipum ad senda, ad þaug ei til hins siidsta bíde, ef ei kunna med sunnanskipum ad koma. Monfrere mun og [til] siá ad þaug vel innpöckud og forsiglud verde. Kunni i det öfrige nockur gömul Epithaphia, legsteinar eda slikt i Holakirkju ad finnast, bid eg minn Elskubrodur þad láta accurat afcopiera. Eg þiena minum brodur giarnan, moti þessu, i öllu því kann og er so leinge eg life

Mins mikilsvirdandi bróðurs þienustuskyllidugasti Þienare

d. 16. Maii 1698. Hafn.  
Arne Magnussen.